

2013

Ársskýrsla Fornverkaskólans



Skagafjörður

14/02/2014

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
STARFSEMI FORNVERKASKÓLANS 2013	2
STYRKIR	3
ERLENT SAMSTARF	3
NÁMSKEIÐ 2013	5
TYRFINGSSTAÐIR 15-16. MAÍ	5
TYRFINGSSTAÐIR 30. MAÍ	5
TYRFINGSSTAÐIR 9.-12. JÚLÍ	5
TYRFINGSSTAÐIR 14.-15. OG 28-.29. SEPTEMBER	6
FRÁGANGUR Á TYRFINGSSTÖÐUM	7
VEFNAÐUR Á HÓLUM	7

Starfsemi Fornverkaskólans 2013



Mynd 1. Nýir gluggar voru settir í frambæinn í október 2011. Þeir voru smíðaðir af Braga Skúlasyni húsasmíðameistara. Í október 2013 voru gluggarnir kláraðir en þá var bætt við opnanlegum fögum.



Mynd 2. Fjósíð á Tyrfingsstöðum eftir námskeiðin sumarið 2013. Þarna á eftir að ljúka við að setja efsta lagið af torfi framan við gluggana og ofan á bísalagið en það var gert af starfsmönnum Fornverks um miðjan október.

Nú er að ljúka sjöunda starfsári Fornverkaskólans en alls sóttu 25 manns námskeið á þessu ári, rúmlega helmingur þeirra kom erlendis frá. Fern námskeið voru haldin á Tyrfingsstöðum; tvenn torfhleðslunámskeið, eitt blandað námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hélt námskeið í timburviðgerðum fyrir nema í tréiðnaðardeild skólans. Ábúendur á Tyrfingsstöðum þau Kristín Jóhannsdóttir og Sigurður Björnsson tóku þátt í undirbúningi og frágangi á Tyrfingsstöðum vegna námskeiða, lögðu fram tæki og vinnu á meðan á námskeiðum stóð og buðu til veislu í lok námskeiða.

Verkefnisstjóri:

Bryndís Zoëga starfsmaður Byggðasafns Skagfirðinga.

Heimasíða verkefnisins er www.fornverkaskolinn.is.

Stjórn skipa:

Atli Már Óskarsson, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Í leyfi frá ágúst 2013.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum. Í leyfi frá ágúst 2013.

Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga.

Kennarar:

Bragi Skúlason, húsasmíðameistari.

Helgi Sigurðsson, Fornverki ehf.

Styrkir

Styrkir fyrir starfsárið 2013	Kr.	Nýttur
Menningarráð Norðurlands Vestra	200.000	
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	500.000	
ARCH Network (Evrópuverkefni)	918.329	
Menningarsjóður Sparisj. Skagafjarðar	100.000	2014
Samtals	1.718.329 kr.	



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Heildarstyrkir fyrir árið 2013 voru 1.718.329 kr. Menningarráð Norðurlands vestra, sem stutt hefur dyggilega við Fornverkaskólann frá upphafi, veitti tvo styrki. Veittur var 200.000 kr. styrkur til þess að halda alþjóðlegt námskeið á Tyrfingstöðum í tengslum við Evrópuverkefni sem Fornverkaskólinn var þáttakandi í. Verkefnið nefndist Námskeið í torfhleðslu – „menningararfur og sjálfbær ferðaþjónusta 2013.“ Einnig veittu þeir styrk til þess að halda námskeið í vefnaði á kljásteinavefstað en verkefninu var frestað til 2014 og styrkurinn færist því yfir á það ár. Menningarsjóður Sparisjóðs Skagafjarðar veitti 100.000 kr. til vefnaðarnámskeiðsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti Fornverkaskólanum rekstrarstyrk upp á 500.000 kr. og er það í annað sinn sem að styrkur fæst beint í rekstur verkefnisins.

Erlent samstarf

Fornverkaskólinn hefur frá árinu 2012 verið þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni sem nefnist CHIST eða Cultural Heritage Interpretation and Sustainable Tourism. Það er styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins og samstarfsaðili Fornverkaskólans eru skosk samtök sem nefnast Arch Network. Áætlað er að verkefninu ljúki í lok árs 2014. Fornverkaskólinn hefur árin 2012 og 2013 tekið á móti 6 manna hópum frá Skotlandi. Þátttakendur koma frá ýmsum stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum í Skotlandi sem eiga það sameiginlegt að starfa að minjavörslu eða menningartengdri ferðaþjónustu. Hópurinn dvaldi á Íslandi frá 13.-20. maí, lengst af í Skagafirði. Á meðan á dvölinni stóð fengu nemendur að upplifa á eigin skinni hvernig er að skera torf og hlaða úr því. Skoðuð voru mörg þeirra húsa og kirkna sem tilheyra Húsasafni Þjóðminjasafnsins s.s. bæjardyrnar á Reynistað, Glaumbæ og Víðimýri. Auk þess tók Sigurður Hansen á móti gestunum í Kakalaskála og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir lektor við ferðamáladeild Hólaskóla ræddi við þá um ferðamennsku á Íslandi. Þór Hjaltalín Minjavörður Vesturlands og Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri Byggðasafns Skagafirðinga héldu erindi um

minjavörslu, sögutengda ferðapjónustu, torf og menningararf. Í bland voru skoðaðar nokkrar af náttúruperlum Skagafjarðar og dvölin endaði með viðkomu við Gullfoss og Geysi og á Þingvöllum.

Fornverkaskólinn ásamt Byggðasafni Skagfirðinga hefur verið í samstarfi við Safnamiðstöðina í Hörðalandi í Noregi (Museumssenteret i Hordaland). Hugmyndir eru um áframhaldandi samstarf og mögulega að koma á fót handverkstengdum verkefnum, hugsanlega með aðkomu fleiri Evrópuþjóða sem deila að einhverju leyti sameiginlegum byggingaarfi s.s. byggingum úr torfi.

Nemendur ásamt kennara frá landfræðideild Southern Connecticut State University komu á dagsnámskeið á Tyrfingsstöðum þann 30. maí. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna íslenskum byggingaarfi. Þetta er fjórða árið í röð sem hópur á vegum skólans kemur í Tyrfingsstaði sem er orðinn fastur viðkomustaður í árlegri Íslandsferð deildarinnar. Fornverkaskólanum hefur boðist beiðni frá háskólanum um námskeið þann 13. júní 2014.

Námskeið 2013

Tyrfingsstaðir 15-16. maí



Mynd 3. Einbeitningin leynir sér ekki. Monika Maleszka-Ritchie fornleifafræðingur stingur klömbur á Tyrfingsstöðum.



Mynd 4. Allt á fullu. Þarna eru nemendur að taka norðurvegginn niður en með því má lesa úr því hvernig hann var uppbyggður.

Námskeiðið var hluti af Evrópuverkefninu CHIST 2013 og komu nemendur allir frá Skotlandi, sex að tölu. Kennari á námskeiðinu var Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. Á námskeiðinu var tekinn niður hluti norðurveggjar á fjósi sem síðan var hlaðinn upp aftur. Neðsti hluti var úr grjóti og streng en ofan á var klömbruhleðsla. Farið var yfir helstu gerðir torfs og torfstungu og fengu nemendur bæði að rista og stinga torf.

Tyrfingsstaðir 30. maí

Nemendur voru 10 og komu frá landfræðideild Southern Connecticut State University. Þau tóku niður vesturvegg fjóssins, stungu torf og hlóðu upp aftur en veggurinn er neðst úr grjóti og streng en klömbruhleðsla er ofan á.

Tyrfingsstaðir 9.-12. júlí

Torfhleðslu- og grindarnámskeið á Tyrfingsstöðum. Kennarar: Helgi Sigurðsson Fornverki ehf. og Bragi Skúlason húsasmíðameistari. Námskeiðið var blandað, þ.e. torfhleðsla og grindasmíði. Nemendur voru 10. Á námskeiðinu var klárað að hlaða norður og vesturveggi fjóssins en þeir eru báðir úr grjóti og streng neðst og klömbrur ofan á. Síðan var gert við grind hússins, reft á og tyrft. Inngangur í húsið var úr timbri sem þurfti að smíða frá grunni en hurð var heil. Lokið var við viðgerð á húsinu 11. og 17. október en þá voru gluggar settir á framhlið þess og klárað að tyrfa framan við þá.



Mynd 5. Norðurveggur farinn að taka á sig mynd en aðeins á eftir að hlaða þarna eina röð af klömbru. Myndin er tekin áður en viðgerð á grind hófst.



Mynd 6. Grindin er tilbúin og verið að leggja lokahönd við árefti og frágang á gluggum.

Á námskeiðinu hófst einnig viðgerð á veggjum á hlöðu fjárhúsanna „út og niður“ sem endurreist voru að hluta árið 2008. Veggirnir eru að neðan úr grjóti með streng en klambra að ofan. Hluti þeirra var óhefðbundinn að gerð en þar hafði klömbruhnausum verið raðað til sömu áttar þannig að þær mynduðu ekki hið hefðbundna mynstur klömbruhleðslunnar. Ekki náðist að ljúka við hlöðuveggina en þeir munu verða hlaðnir upp eins og þeir voru og vonandi verður unnt að klára þá 2014.



Mynd 7. Suðausturhorn hlöðunnar á fjárhúsunum "út og niður".



Mynd 8. Viðgerð á hlöðuveggjum hafin og á myndinni má sjá suður og vesturvegg að innan.

Tyrfingsstaðir 14.-15. og 28.-29. september

Námskeið tréiðnaðarnema Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Tyrfingsstöðum kennari: Björn Björnsson kennari hjá FNV. Fyrri helgina unnu 5 nemendur ásamt leiðbeinanda að hreinsun gólfs í stofu og niðurtekt þilja, sem fjarlægja þurfti svo hægt væri að smíða nýtt gólf. Nýir bitar voru settir og afstilltir á hellubrot undir gólfið. Þilfjalir voru teknar af millivegg gangamegin, merktar og raðað saman í búnt. Einnig voru þiljurnar innanvert (tunnustafirnar) merktar fyrir hvern vegg og hverja hæðarröð í númeraröð. Milliveggur var einangraður

nánast eingöngu með reiðingi, en framþil með reiðingi og heyi. Síðari helgina voru nemendur þrír ásamt leiðbeinanda að störfum. Efnið í gólfið var vélunnið í Tréiðnadeild FNV að morgni laugardags og flutt á staðinn. Gólfþjalir voru settar á bitana. Ekki reyndist unnt að fá 9“ gólfborð eins og fyrir voru, svo 8“ borð voru sett í staðinn. Gömlu gólfborðin voru hefluð og máluð, sem hægt var að sjá út við vegg og mældust 32 – 34mm þykk.

Gert var við vegggrind innanvert á millivegg og byrjað að setja upp klæðningu, sem tekin var niður. Einnig var vegggrind norðurveggjar lagfærð og því að mestu lokið, en þarf að skoðast nánar.



Mynd 9. Búið að leggja furugólf á stofuna og þar er nú hægt að dansa eins og gert var á árum áður.



Mynd 10. Viðgerð á grind milliveggjar í stofu í framhúsi.

Frágangur á Tyrfingsstöðum



Mynd 11. Starfsmenn Fornverks ehf. setja nærpakið á baðstofuna.

Byggðasafn Skagfirðinga fékk styrk frá Akrahreppi og Húsafriðunarsjóði til þess að ljúka nokkrum ókláruðum verkefnum á Tyrfingsstöðum. Aðallega var um að ræða frágang á húsum og annað sem ekki var unnt að gera á námskeiðum. Starfsmenn Fornverks ehf. unnu að verkinu um miðjan októbermánuð. Tyrft var á þak baðstofunnar og lokið var við hleðslu á göflum og troðið í opin göt og gáttir. Sund voru hækkuð og kláraðir veggir og gaflar sem ekki hafði náðst að klára á námskeiðum sumarsins.

Vefnaður á Hólum

Fyrirhugað var að halda námskeið í kljástinefstaðsvefnaði í Auðunarstofu í október 2013. Ekki náðist tilskilinn fjöldi nemenda á námskeiðið og því var frestað til vors 2014. Vefstaðurinn stóð þó ekki alveg óhreyfður því að verkefnisstjóri Fornverkaskólans og

Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir vefari eða Hadda eins og hún er kölluð tóku á móti fréttamönnum Landans í Auðunarstofu. Þar sýndi Hadda sjónvarpsmönnum grunnhandtökin við vefnað og útskýrði handverkið og vefstaðinn ásamt því að tala um vaðmál. Einnig hélt Hadda fyrirlestur um vefnað bæði að fornu og nýju í Auðunarstofu þann 19. október. Erindið var haldið á vegum Guðbrandsstofnunar.